# Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036

Breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsuppdrátt dags. 22.9.22




**Hluti úr samþykktu aðalskipulagi, sveitarfélagsuppdráttur**
í mkv. 1:30.000. Samþykkt í bæjarstjórn Ölfus 22. september 2022.




**Tillaga - Breytt aðalskipulag: Ölfus, sveitarfélagsuppdráttur**
mkv. 1:30.000

## Greinargerð

Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036 tók gildi 5.12.2022. Í greinagerð er fjallað um iðnaðarsvæði í kafla 4.1.7 og um hafnir í þéttbýli í kafla 3.1.7. Bætt er við umfjöllun um hafnir í dreifbýli í þessari greinargerð, þar sem sett er fram stefna og almennir skilmálar fyrir hafnir í dreifbýli við Keflavík.

Í kafla 4.1.7 er fjallað um almennar áherslur sveitarfélagsins í uppbyggingu iðnaðarsvæða þar sem almennt er gert ráð fyrir uppbyggingu fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér s.s. verksmiðjur. Gert er ráð fyrir uppbyggingu iðnaðarsvæða vestan Þorlákshafnar. Að stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir atvinnulíf og byggð á svæðinu. Í töflu 22 á bls. 63 í kafla 4.1.7 er fjallað um hvert iðnaðarsvæði og tilgreind stærð reita, heildar byggingarmagn, lýsing og skilmálar. Mikil uppbygging er þegar hafin á iðnaðarsvæði I3 og er reiturinn að mestum hluta deiliskipulagður og uppbygging hafin.

**Forsendur fyrir breytingu á iðnaðarsvæði I3**
Um er að ræða svæði þar sem umfang uppbyggingar hefur verið meira en gert var ráð fyrir í upphafi fyrir reitinn í heild sinni. Því er talin þörf á að leggja fram tillögu að breytingu til að koma að móts við uppbyggingu á reitnum. Mæta eftirspurn uppbyggingar á reitnum í heild sinni. Því er heildarbyggingar magn í $m^2$ aukið frá 540.000 $m^2$ í 1.040.000 $m^2$ í samræmi við áform uppbyggingar og möguleika á frekari uppbyggingu í tengslum við nýja hafnaraðstöðu við Keflavík.

Iðnaðarsvæði I3 stækkar sökum lóðarmörka mölunarverksmiðju lítillega til norðurs og tengist nýju hafnarsvæði sunnan við lóðina. Iðnaðarsvæði I3 stækkar því úr 205 ha í 212 ha af stærð og tengist við hafnarsvæðið við Keflavík.

Ekki liggur fyrir núverandi byggingarmagn uppbyggingar sem er hafin og því er núverandi byggingarmagn fyrir reitinn tekið út.

**Hafnarsvæði við Keflavík**
Í aðalskipulag Ölfus er skilgreind þrjú hafnarsvæði innan þéttbýlis og stefna og markmið fyrir hafnarsvæðin. Gert er ráð fyrir nýju hafnarsvæði við Keflavík. Hafnarsvæðið mun þjónusta svæðinu í heild sinni. Tvær lóðir hafa snertiflöt við lóð hafnar H4, Laxabraut 41A og Laxabraut 41C. Uppbygging hafnarsvæðis í dreifbýli styður við núverandi fjölbreytta hafnarstarfsemi sem fyrir er í sveitarfélaginu og eykur möguleika á að byggja upp hafntengda starfsemi og skipuleggja starfsemi á núverandi hafnarsvæðum í sveitarfélaginu.

Hafnarsvæðið við Keflavík er skilgreint sem hafnir H4 í dreifbýli, þar sem fyrir eru skilgreind þrjú hafnarsvæði í gildandi aðalskipulagi fyrir þéttbýli. Stærð afmörkunar landnoktunar fyrir hafnarsvæði hafnir H4 í aðalskiplagi er 19.6 ha. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á hafnarkanti, athafnarsvæðum, varnargörðum og öðrum innviðum. Á hafnarkanti er gert ráð fyrir innviðum fyrir starfsemi hafnar s.s. krönum og á athafnarsvæðum er gert ráð fyrir tímabundnum mannvirkjum og geymslu- og umsýslusvæðum hafnarinnar.

**Stefna hafnarsvæðis við Keflavík**
- Að efla hafnsækna starfsemi
- Að efla starfsemi fyrir flutninga á sjó
- Að besta fáanlega tækni verði ávallt notuð til að draga úr mengun frá hafnarsvæðum.
- Að umhverfisásýnd hafnarsvæða verði ávallt vera til fyrirmyndar.
- Að skilgreina athafnarsvæði á hafnarsvæðinu fyrir flutningastarfsemi.
- Að tryggja fjölgun á lóðum fyrir hafnsækna starfsemi.

Hafnarsvæðið við Keflavík tengist við Laxabraut og Suðurstrandarveg um nýjan þjónustuveg hafnarsvæðisins og skal vera kvöð í deiliskipulagi um þjónustuveg á milli lóðanna Laxabraut 43A og Laxabraut 43C. Byggður verður hafnarkantur, athafnarsvæði bæði vestan og norðan megin við hafnarkantinn og þörf er á uppbyggingu á varnargörðum fyrir hafnarsvæðið til að stuðla að góðri nýtingu hafnarinnar allt árið.

**Almennir skilmálar**
- Krafa er gerð um vandaðan lóðarfrágang hvað varðar ásýnd og fok af hafnarsvæðinu.
- Gera skal ráð fyrir innviðum fyrir landtengingu skipa til að stuðla að orkuskiptum.
- Nýtingarhlutfall á hafnarsvæði H4 skal vera á bilinu 0,1 - 0,5.

**Hluti úr samþykktu Aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036, greinargerð.**
Núverandi tafla 22 á bls 64, kafla 4.1.7.

| Nr. | HEITI | STÆRÐ/ HA | HEILDAR BYGGINGAR-MAGN Í $M^2$ | NÚVERANDI BYGGINGAR-MAGN Í $M^2$ | LÝSING SVÆÐIS OG SKILMÁLAR |
|---|---|---|---|---|---|
| I3 | Sunnan Suður-strandarvegar | 205 | 540.000 | 5.000 | Í gildi deiliskipulag á hluta svæðisins. Á svæðinu er gert ráð fyrir fiskeldi og tengdri starfsemi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins. |

**Tillaga - Breytt Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036, greinagrerð.**
Breytt tafla 22 á bls 63, kafla 4.1.7.

| Nr. | HEITI | STÆRÐ/ HA | HEILDAR BYGGINGAR-MAGN Í $M^2$ | NÚVERANDI BYGGINGAR-MAGN Í $M^2$ | LÝSING SVÆÐIS OG SKILMÁLAR |
|---|---|---|---|---|---|
| I3 | Sunnan Suður-strandarvegar | 212 | 1.040.000 | - | Í gildi deiliskipulag á hluta svæðisins. Á svæðinu er gert ráð fyrir almennum iðnaði, fiskeldi og tengdri starfsemi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins. |

# Sveitarfélagið Ölfus

## Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036

Aðalskipulag þetta hefur verið fengið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í Skipulags-, bygginga- og umhverfisnefnd Ölfuss þann _________ og í bæjarstjórn Ölfuss þann ________

F.h. Sveitastjórnar Ölfuss, dags.

____________________

Sigmar B. Árnason
skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _________

____________________

____________________

**Umhverfismat**
Breyting á aðalskipulagi markar stefnu um framkvæmdir sem eru háðar lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatsskýrsla fyrir framkvæmdina var auglýst í desember 2023 og er gert ráð fyrir að álit Skipulagsstofnunar liggi fyrir fyrripart árs 2024. Öllu landi sem fer undir iðnaðar- og hafnarsvæði verður raskað. Unnar hafa verið athuganir á svæðinu. Megin niðurstöður umhverfismats er að áhrif á náttúrufar og fornleifar eru taldar óverulegar. Neikvæð áhrif verða á jarðmyndanir þar sem þar er eldhraun sem nýtur verndar í náttúruverndarlögum og hefur miðlungs verndargildi en hraunið er að hluta til hulið sandi. Áhrif vegna vatnsnotkunar eru talin óveruleg, en horft til samlegðaráhrifa með annarri starfsemi er stefnt að vöktun á vatnsnotkun til framtíðar. Samfélagsáhrif eru víðtæk. Starfsemin er nokkuð frá þéttbýli og því óveruleg áhrif vegna hávaða og ásýndar í þéttbýli. Starfsemin hefur í för með sér aukna umferð vegna efnisflutninga en skapar einnig aukin starfstækifæri og tekjur. Afurð mölunarverksmiðju, móberg til íblöndunar í sement, mun hafa jákvæð áhrif á loftslag á heimsvísu. Með því að skipta sementsgjalli út fyrir móberg er komið í veg fyrir þá miklu kolefnislosun sem verður til við framleiðslu sementsgjalls. Þannig styður verkefnið beint við loftslagsmarkmið stjórnvalda, lög nr. 70/2012 um loftslagsmál en ekki síður við alþjóðleg markmið um losun gróðurhúsalofttegunda.

### Skýringar

Landnotkunarflokkar
- Opið svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Hafnir
- Iðnaðarsvæði
- Vatn, ár og sjór
- Vatnsból

Samgöngur
- Stofnvegur
- Tengivegur
- Aðrir vegir
- Reiðleið
- Gönguleið
- Hjólreiðaleið

Skipulag
- Þéttbýlismörk

Veitur
- F Fráveita
- R Raflínur
- H Hitaveita
- V Vatnsveita
- L Ljósleiðari

COWI
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.cowi.is cowi@cowi.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036
Sveitarfélagsuppdráttur

| Verk. | Blaðstærð |
|---|---|
| Iðnðarsvæði I3 og hafnarsvæði H4 | A3 |

Samþykkt